

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um námsstyrki, nr. 692/2003.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 3. gr.:

a. 2. mgr. orðast svo:

Nefndin auglýsir eftir umsóknum um námsstyrki sérstaklega fyrir haustönn og vorönn, ásamt sumarönn. Auglýsa skal eftir umsóknum vegna haustannar fyrir 1. september ár hvert og skulu umsóknir hafa borist nefndinni fyrir 15. október sama ár. Auglýsa skal eftir umsóknum vegna vor- og sumarannar fyrir 1. desember ár hvert og skulu umsóknir hafa borist nefndinni fyrir 15. febrúar næsta árs. Birta skal auglýsingar um námsstyrki í dagblöðum og með öðrum sannanlegum hætti. Námsstyrkjanefnd er heimilt að veita umsókn viðtöku í mánuð eftir auglýstan umsóknarfrest og skal styrkur þá skertur um einn hundraðshluta fyrir hvern dag fram yfir frestdag.

b. 5. mgr. orðast svo:

Útborgun námsstyrkja skal fara fram í tvennu lagi og við það miðað að greiðsludagar séu sem næst 10. janúar, 10. júní og 1. september ár hvert. Almenn skilyrði útborgunar eru að skóli hafi staðfest námsárangur eða námsástundun nemandans í lok haustannar, í lok vorannar og lok sumarannar. Sérstök skilyrði fyrir útborgun námsstyrks vegna sumarannar eru að nemandi hafi ekki nýtt sér rétt til að sækja um námsstyrk á næstliðinni haust- eða vorönn.

#### 2. gr.

Ný fylgiskjöl, nr. I og II, sem birt eru með reglugerð þessari, koma í stað fylgiskjala nr. I og II með reglugerð um námsstyrki nr. 692/2003.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 8. gr. laga um námsstyrki, nr. 79/2003 og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 17. september 2004.*

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.**

*Guðmundur Árnason.*

		Framhaldsskólanám á fyrsta ári sem er óstyrkhæft ef lögheimili fellur undir neðangreind póstinúmer/svæði.																					
		Keykjavík	Seljavagnes	Kopavogur	Garðabær	Hafnarforður	Svref. Allanes	Keravík	Njarvík	Mosfellsbær	Akranes	Grundarförður	Kafofður	Sauðárkrúkur	Ákureyri	Húsavík	Laugar	Eggsstöð	Neskaupst.	Töfn	Selross	Laugarvatn	Vestm.eyjar
Pnr:		101-	170	200-	210	220	225	230-	260	270	300	350 <sup>(*)</sup>	400	550	600	640	650	700	740	780	800	840	900
og svnr:		155		203		221		235		1604		410	603		641 <sup>(*)</sup>	701	7506						
<b>Námi:</b>																							
Allt nám á 1. ári	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Almenn námsbraut																							X
Ferðþjónustubraut												X											X
Ferðamálanám																							
Félagsfræðibraut								X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Félagsmála- og tómstundabraut											X												
Flugþjónustubraut								X	X														
Handiðabraut													X										
Hússjórnarbraut								X	X												X		
Íþróttir, starfsnám								X	X												X		
Listnámsbraut								X	X												X		
Matartæknabraut																							
Málabraut								X	X														X
Náttúrufræðibraut								X	X														X
Sjávarútvegsbraut								X	X														X
Sjúkraliðabraut								X	X														X
Tölvubraut																							
Upplýsinga- og fjölmíðlabraut								X	X														
Vélsjórnarbraut								X	X														X
Vélaröðunám										X													X
Víðskiptabraut								X	X														X
Iðnnám, samningsbundið								X	X														X
Hársnyrtið								X	X														X
Grunnnám málmíðngreina								X	X														X
Grunnnám í biliönnum								X	X														X
Grunnnám í rafíönnum								X	X														X
Grunnnám bygginga- og mannv.gr.								X	X														X
Grunnnám matvælagreina								X	X														X
Sérdeildir, starfsbraut								X	X														X

\*) Umhverfis Laugar að ljóðvegi 1.

\*\*) Þeðbýlið.

**Fylgiskjal II.****Póstnúmer/svæði í nágrenni framhaldsskóla.**

<b>Skóli</b>	<b>Nágrenni skóla pnr./svæði</b>
Framhaldsskólar á höfðuðborgarsvæðinu og nágrenni <sup>1)</sup>	101-225;270
Framhaldsskólar í Reykjanesbæ	230;235;260
Framhaldsskólar á Akranesi	300;301 <sup>2)</sup>
Framhaldsskólar í Grundarfirði	350 <sup>3)</sup>
Framhaldsskólar á Ísafirði	400;410
Framhaldsskólar á Sauðárkróki	550
Framhaldsskólar á Akureyri	600;603
Framhaldsskólar á Húsavík	640
Framhaldsskólinn á Laugum	650;641 <sup>4)</sup>
Framhaldsskólar á Neskaupstað	740
Framhaldsskólar á Egilsstöðum	700;701 <sup>5)</sup>
Framhaldsskólar á Höfn í Hornafirði	780
Framhaldsskólar á Selfossi	800
Menntaskólinn að Laugarvatni	840
Framhaldsskólar í Vestmannaeyjum	900

1) Reykjavíkurborg; Seltjarnneskaupstaður; Kópavogsbær; Garðabær; Mosfellsbær; Hafnarfjarðarkaupstaður; Sveitarfélagið Alftanes.

2) Innri-Akraneshreppur: Frá Miðgarði að Akranesi.

3) Grundarfjarðarbær: Milli Lárvaðals og Grjótár.

4) Þingeyjarsveit: Umhverfis Laugar að Þjóðvegi 1.

5) Fellabær.